

Nd.

340. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram fé úr ríkissjóði til aukningar á hlutfé Flugfélags Íslands h/f, þannig að ríkissjóður eigi 50% af öllu hlutfénu. Fé það, er ríkissjóður leggur fram, er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

2. gr.

Á hluthafafundum Flugfélags Íslands h/f skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti, að því er hlutfé ríkissjóðs snertir.

3. gr.

Þegar Flugfélag Íslands h/f hefur breytt samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 1. gr. og 2. gr. og ríkissjóður er orðinn eigandi að helmingi hlutfjár félagsins, getur atvinnumálaráðuneytið veitt Flugfélagi Íslands h/f einkarétt til flugferða hér á landi og til útlanda með farþega, pósti og farangur.

4. gr.

Þegar ríkissjóður hefur eignast helming hlutfjár Flugfélags Íslands h/f, skal það vera undanþegið tekju- og eignarskatti svo og því að greiða útsvar eftir eignum og ástæðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Flugsamgöngurnar eru nú orðnar svo verulegur þáttur í samgöngumálum vorum, að nauðsyn ber til, að ríkisvaldið hafi veruleg afskipti af rekstri þeirra og styrki þær eftir því, sem fönng eru á. Í þessu augnamiði er lagt til í frumvarpi þessu, að ríkissjóður efli Flugfélag Íslands h/f með verulegum fjárframlögum. Hlutfé Flugfélagsins er nú um 1000000 kr., en heimilt er samkvæmt samþykktum þess að auka það upp í 1500000 kr. Framlag ríkissjóðs gæti þá orðið samkvæmt frumvarpinu um 1500000 kr.

Ef þessi leið yrði farin, verður að teljast eðlilegt, að Flugfélagi Íslands h/f yrði veittur einkaréttur til flugferða hér á landi og til útlanda með farþega, pósti og farangur. Með þessu fyrirkomulagi yrði stjórn þessara mála einfaldari, reksturinn öruggari og ódýrari.

Skipulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er sniðið eftir því fyrirkomulagi, sem haft var á flugsamgöngum flestra Evrópulanda fyrir núverandi styrjöld.